

SAMKOMULAG

Eftirgreindir aðilar, Ker hf., kt. 500269-4649, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, hér eftir nefnt K, Eglá hf., kt. 551102-2030, hér eftir nefnt Eglá, Samvinnulífeyrissjóðurinn, kt. 430269-0389, Kringlumi 7, Reykjavík, hér eftir nefndur SLS, Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, hér eftir nefnt VÍS, og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar, kt. 550269-0589, Ármúla 3, Reykjavík, hér eftir nefnt EST, gera með sér effirfaranli samkomulag um uppgjör á sameiginlegum kostnaði vegna kaupa og/eða hugsanlegra kaupa á allt að 45,8% alls hlutfjár í Búnaðarbanka Íslands hf.:

I. gr. Efni og markmið:

1.1. Samningsaðilar hafa átt í viðræðum við Framkvæmdanefnd um einkavæðingu, annars vegar um kaupa á kjölfestu hlut í Landsbanka Íslands hf., en hins vegar í Búnaðarbanka Íslands hf. Á þessu stigi hefur verið undirritað rammisamkomulag við Ríkissjóð um kaup á 45,8% alls hlutfjár í Búnaðarbanka Íslands hf. (BÍ), með fyrirvara um niðurstöðu kostgæfnisathugunnar.

1.2. Af framangreindum viðræðum hefur hlotist umtalsverður kostnaður m.a. vegna vinnu starfsmanna Société Générale (SG) við greiningu fjárfestingarkostanna, vinna sem starfsmenn Samskipa hf. hafa unnið ásamt útlögðum ferðakostnaði þeirra, auk lögfræðivinna sem unnin hefur verið af starfsmönnum Fulltingi ehf. Vegna greiðslu útlagðs kostnaðar, skulu lagðir fram reikningar frá viðkomandi aðilum, til yfirferðar og samþykktar.

1.3. Samkomulag þetta tekur á því hvernig kostnaði skuli skipt milli aðila, óháð því hvort árangur verður af undirbúningsvinnunni eða ekki.

II. gr. Hvernig kostnaði verður skipt:

2.1. Við undirritun þessa samkomulags ritar K f.h. fjárfestahópsins jafnframt undir samkomulag við SG um uppgjör á útlögðum kostnaði og greiðslu þóknunar til SG vegna undirbúningsvinnu og ráðgjafavinnu næstu tvö árin fyrir fjárfestahópinn, eins og nánar er tilgreint í samkomulagi þeirra. Drög að þessu samkomulagi fylgir samkomulagi þessu sem viðauki nr. 1. og telst órjúfanlegur hluti þess. Samkomulag er með samningsaðilum að þeir skipti kostnaði sín í milli samkv. samkomulagi K og SG í sömu hlutföllum og þeir kaupa hluti í BÍ. Allir þeir sem taka þátt í fjárfestingunni greiða hlutdeild í þessum kostnaði eins og aðrir fjárfestar í hópnum. Skuldbinda samningsaðilar sig til þess að greiða K sína hlutdeild í útlögðum kostnaði og þóknun á gjalddögum samnings milli K og SG. Með sama hætti skal fara með uppgjör á öðrum

MP
Egla
SLS
VÍS
EST

A. -

áföllnum og útlögðum kostnaði skv. gr. 1.2, sem K skal leggja út fyrir en aðrir samningsaðilar endurgreiða K.

2.2. Verði ekki af undirritun kaupsamnings um kjölfestuhlut í BÍ, þá samþykkja samningsaðilar að skipta kostnaði samkv. gr. 1.2, þ.m.t. kostnaði SG og lágmarksbóknum samkv. samkomulaginu milli K og SG, á milli sín í þeim hlutföllum sem þeir áformuðu að kaupa fyrir hluti í BÍ. Að því leyti sem þeir aðilar sem áður tilheyrðu fjárfestahópnum en tóku ekki þátt í lokaumræðu taka þátt í greiðslu á útlögðum kostnaði, þá skal kostnaður annarra samningsaðila samkv. þessu samkomulagi minnka.

III. gr. Almenn ákvæði:

3.1. Samningsaðilar skulu gæta þess að farið skuli með efni þessa samnings sem algjört trúnaðarmál.

3.2. Samningur þessi gildir meðan óuppgerður kostnaður vegna samningaviðræðna um kaup á kjölfestuhlut í LÍ og BÍ er óuppgerður.

3.3. Samningur þessi skal lúta, vera túlkaður og honum skal framfylgt að íslenskum lögum.

3.4. Af samningi þessum eru gerð fimm frumrit og heldur hver samningsaðila einu eintaki.

Reykjavík, 15 janúar 2003.

F.h. Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga

F.h. Samvinnulífeyrisjóðsins

F.h. Vátryggingafélags Íslands hf.

F.h. Kers hf.

Vottar að réttfr. dagsetningu,
fjárræði og undirskrift:

F.h. Eglu ehf.

21173-7114